



— Gunnþór Ingvason framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar

# Nauðsynlegt að ungmenni kynnist undirstöðu- atvinnugreinum þjóðarinnar

Í tilefni af því að Síldarvinnslan hefur ákveðið að starf-rækja sjávarútvegsskóla fyrir ungmenni í Neskaupstað í sumar var Gunnþór Ingvason framkvæmdastjóri fyrirtækisins spurður um ástæður þess. Hér á eftir fer svar hans:

Við hjá Síldarvinnslunni teljum afar brýnt að ungmenni í byggðarlagi eins og Neskaupstað kynnist sjávarútvegi og öðlist þekkingu á veiðum og vinnslu. Staðreyndin er sú að Neskaupstaður á sjávarútvegi tilvist sína að þakka og það sama gildir um sjávarpláss allt í kringum landið. Lífsskiyröi fólks í þessum pláss-

um ráðast af gengi sjávarútvegs á hverjum tíma. Þá ber að hafa í huga að sjávarútvegur er í reynd undirstaða þess samfélags sem þróast hefur á Íslandi og það er hann sem lagt hefur grunninn að því velmegunarþjóðfélagi sem við lifum og störfum í. Staðreyndin er sú að skólakerfið íslenska fjallar tiltölulega lítið um þessa atvinnugrein ef marka má fyrir-

liggjandi námsefni og því var sú ákvörðun tekin innan Síldarvinnslunnar að bjóða upp á sjávarútvegssnám fyrir grunnskólanemendur. Það er nauðsynlegt að íslensk ungmenni kynnist undirstöðu atvinnugreinum þjóðarinnar og þau séu meðvitúð um áhrif þeirra og mikilvægi.

Það er í reynd hægt að alast upp í sjávarpláss á Íslandi í dag

án þess að öðlast þekkingu á fiskveiðum og fiskvinnslu. Hér áður fyrr var þessi starfsemi nálægt fólki; afla var landað úr bátum við hverja bryggju, beitt var í fjölda skúra og vinnsla á fiski fór jafnvel fram undir beru lofti eins og þegar síld var söltuð á plönnum. Nú er öldin önnur; veiðiskipin eru færri en áður og stærri, aflanum er landað á lokuðum hafnarvæðum og vinnslan fer fram innanhúss þar sem farið er eftir ströngum reglum um gæði og hollustuhætti. Þar fyrir utan starfa hlutfallslega færri við sjávarútveg en áður og því tengjast færri atvinnugreininni með beinum hætti. Þessi breyting

sem átt hefur sér stað gerir það að verkum að í sjávarplássum sem og annars staðar er sérstök ástæða til að fræða ungt fólk um fiskveiðar og vinnslu. Þá er einnig brýnt að fræða um þau fjölbreyttu störf sem sinnt er innan sjávarútvegsins og þá möguleika til menntunar sem eru til staðar.

Innan Síldarvinnslunnar er mikil þekking og forsvarsmenn fyrirtækisins hafa áhuga á að henni sé miðað til ungmenna. Það verður gert í sjávarútvegsskólanum og það er von okkar að skólinn fari vel af stað og í framtíðinni verði hann fastur liður í starfsemi Síldarvinnslunnar.

„Þá ber að hafa í huga að sjávarútvegur er í reynd undirstaða þess samfélags sem þróast hefur á Íslandi og það er hann sem lagt hefur grunninn að því velmegunarþjóðfélagi sem við lifum og störfum í.“

## Sumarskóli fyrir grunnskólanemendur þar sem námslaun verða greidd

■ **Sjávarútvegsskóli Síldarvinnslunnar í Neskaupstað** verður settur mánudaginn 29. júlí næstkomandi. Sjávarútvegsskólinn er tilraunaverkefni þar sem ungmennum á grunnskólaaldri verður gefinn kostur á að fræðast um fiskveiðar og fiskvinnslu. Skólinn mun starfa í tvær vikur og að þessu sinni munu 8. bekingar Neskaupstaðar (nemendur fæddir 1999) hafa forgang þegar unnið verður úr umsóknum. Daglegur starfstími skólans verður 3-4 klukkustundir en undir lok sumra kennsludaga er ætlast til að nemendur sinni tillfallandi störfum undir stjórn verkstjóra. Nemendur fá greidd námslaun og verða þau sambærileg þeim launum sem greidd eru í **Vinnuskóla Fjarðabyggðar**. Námsfnið í skólanum verður fjölbreytt og kennarar verða margir en drjúgur hluti námsfnefnisins verður sérstaklega unnið með starfsemi þessa skóla í huga. Í upphafi námsins verður stödur sjávarútvegsgerð skil og fjallað um veiðiskip, veiðarfæri

og verkunaraðferðir á hverjum tíma. Lögð verður áhersla á tæknipróun og breytingar af öllu tagi og gerð grein fyrir þeim samfélagslegu áhrifum sem sjávarútvegurinn hefur haft. Skólinn mun fá heimsóknir og meðal annars munu fyrrum sjómenn og starfsmenn í fiskvinnslu koma og segja frá reynslu sinni og þeim breytingum sem þeir hafa upplifað innan greinarinnar. Eins verður fjallað sérstaklega um sögu og starfsemi Síldarvinnslunnar og gerð grein fyrir einkennum nútíma sjávarútvegsfyrirtækja og mikilvægi þeirra fyrir sjávarbyggðir og íslenskt samfélag. Starfsmannamál og gæðamál verða einnig tekin til umfjöllunar. Útskýrt verður hvernig síaukin áhersla er lögð á ferskleika hráefnis og gæði framleiðslunnar og útskýrt hvernig eftirliti með framleiðslunni er háttað. Vakin verður athygli á þeim fjölbreyttu störfum sem starfsmenn sjávarútvegsfyrirtækja sinna og gerð grein fyrir hvernig unnt



Ungmennum í Neskaupstað gefst kostur á að stunda nám í Sjávarútvegsskóla Síldarvinnslunnar.

MYND: ÞÓRHILDUR EIR SIGURGEIRSDÓTTIR

er að mennta sig til þeirra. Nemendur skólans munu fara um borð í veiðiskip Síldarvinnslunnar og fá fræðslu um störf sjómanna og þann tækjabúnað sem fyrirfinnst um borð í nútíma skipum. Meðal annars verður lögð áhersla á að útskýra hvernig veiðum er háttað með mismunandi tegundum veiðarfæra. Eins munu nemendur heimsækja fiskiðjuver, fiskimjölsværsmiðju og

frystigeymslur Síldarvinnslunnar og kynnast þeirri starfsemi sem þar fer fram. Þeir munu fá tækifæri til að sinna verkefnum á sviði vinnslu undir leiðsögn reyns starfsmanna. Að lokum fá nemendurnir að kynnast störfum þeirra sem gera áætlanir um veiðar og vinnslu og fylgjast með fjárhagslegri afkomu starfseminnar. Lögð er áhersla á að skólasterfið verði fjölbreytt og lifandi og munu nemendur meðal annars vinna verkefni sem tengjast þeirri fræðslu sem veitt verður. Slík verkefni munu nemendur vinna í hópum og verða góð verðlaun veitt fyrir verkefni sem þykja skara fram úr. Skólanum verður að þessu sinni slitið hinn 9. ágúst og verða þá útskriftarskrifteini afhent. Skráning í skólann hófst 10. júní sl. og verður tekið á móti skráningum til 15. júlí. Áhugi fyrir skóláhalduin virðist vera mikill og hafa ýmsir tjáð sig um að hér sé afar þarft verkefni á ferðinni.

MYND: HALLDÓRA AÐUR JÓNSDÓTTIR